

Ed.

S63. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á fátækralögum 10. nóv. 1905.

Nefndin, sem háttv. e. d. kaus til að ihuga þetta frumvarp telur fremur vafasamt, að mikil réttarbót sé í því fólgin, og er hún sérstaklega sammála í því um ákvæðin í 1. gr.

Þar er svo ákveðið, að fæðiskostnaður barns utan heimilis og styrkur til að standa straum af 6 börnum eða fleiri skuli ekki talinn »reglulegur sveitarstyrkur«. En þetta er þó í eðli sínu reglulegur sveitarstyrkur og getur ekki orðið annað þrátt fyrir nein ákvæði. Af slíku ákvæði mundi og geta leitt hið mesta misrétti. T. d. maður á færri en 6 börn, bjargast hér um bil, en fær þó lítills háttar styrk, og missir við það kosningarrétt. Annar nær ákvæðistölunni 6 börn og er með fjölskyldu sinni svo að telja alinn af sveitinni, en heldur öllum rétti. Úr réttindamissi, sem stafar af sveitarstyrk virðist ekki ráðlegt né sanngjarnt að reyna til að bæta á þennan hátt; hitt þá nær, að láta þeginn styrk engum réttindamissi valda fyrir neinn.

Nefndin ræður því til að 1. gr. frumv. sé feld úr því.

Aftur á móti voru skoðanir nefndarmanna nokkru skiftari um ákvæði 2. og 3. gr. Telja tveir af nefndarmönnum ekki heldur vera ástæðu til að gera þau að lögum, en meðundirritaður skrifari vill þó ekki ráða til að fella þær greinar, telur hann þær geta stuðlað að meiri sanngirni og nærgætni í viðskiftum milli dvalar- og framfærslusveitar, þar sem dvalarsveitin annars vegar losast við miður sanngjarna kvöð að kosta að þriðjungí ef til vill langa legu þurfalings allan legutímann, en þar sem hún þó hins vegar á að gera það um tvo mánuði, þá er síður hætt við að hún að ástæðulitlu sé fljót á sér að koma lasburða manni á sjúkrahús til að koma honum af höndum sér og baka framfærslusveit kostnað, sem hjá hefði mátt komast.

Um leið og nefndin með þessum ummælum leggur á vald hv. deildar meðferð frumvarpsins, ræður hún þá sérstaklega til þeirrar breytingar að:

1. gr frumvarpsins falli burt
(breytist þá greinatalan samkvæmt því).

Efri deild alþingis, 3. maí 1911.

Júlíus Havsteen,
formaður.

Kristinn Daniélfsson,
skrifari.

Steingrímur Jónsson.